



Hreppsnefnd 21. ágúst 2001

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 21. ágúst 2001

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps þriðjudaginn 21. ágúst 2001 kl. 16.00 í Miklagarði. Mættir: Aðalbjörn Björnsson, oddviti, Björn H. Sigurbjörnsson, Hafþór Róbertsson, Sigurveig Róbertsdóttir, Emil Sigurjónsson, Steindór Sveinsson og Árni Róbertsson. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Síðan var gengið til dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 12. júlí sl. Fundargerðin rædd og fyrirspurnum svarað. Síðan var fundargerðin samþykkt.

2. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 17. ágúst 2001. Hreppsnefnd samþykkir framkomnar tillögur í tölulið 1 varðandi undirbúning á umhverfismati á brimvarnargörðum á Vopnafirði og tölulið 2 varðandi samninga við lægstbjóðanda í dýpkun innan Skiphólma á Vopnafirði og lagfæringu á löndunarbyggju. Tilboð lægstbjóðanda Sæþórs ehf. í dýpkunina er 97.500 þús. kr. en kostnaðaráætlun Siglingastofnunar er 219.800 þús. kr. Tilboðsfjárhæð er því 44,3 % af kostnaðaráætlun. Hagtak h/f bauð einnig í verkið og var tilboð þess 148.800 þús. kr.

3. mál. Fundargerð bygginganefndar Kaupvangs frá júlí sl. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og varðandi tl. 2 óskar hún eftir að kallað verði eftir tilboði frá Mælifelli ehf.

Samþykkt. Tveir sátu hjá.

Jafnframt lögð fram drög að útboðsgögnum.

Erindinu að öðru leyti vísað til skipulags- og bygginganefndar.

5. mál. Vatnsréttindi, viðaukasamningur. Lagður fram viðaukasamningur við samning um vatnsréttindi í Svínabakkafjalli, en fyrirhugað er að girða vatnsverndarsvæðið. Viðaukasamningurinn samþykktur og sveitarstjóra falið að undirrita hann.

6. mál. Útrásir, tilboð.

Lögð fram tilboð í efni vegna 1. áfanga útrása frá Kolaporti og að Miðbyggju.

Tilboð komu frá eftirtöldum í Plaströr skv. tilboðsskrá:

1) Reykjalundur 2.710.857

2) Set 2.824.113

. Samþykkt að ganga til samninga við lægstbjóðanda Reykjalund.

Jafnframt lagt fram tilboð í brunna og fleira frá Möl og Sandi að fjárhæð 1.246.421 kr. Samþykkt að ganga til samninga við Möl og Sand.

7. mál. Brimvarnargarðar á Vopnafirði matsskylda. Lagt fram bréf frá Skipulagsstofnun dags. 9. ágúst, þar sem tilkynnt er um matsskyldu Brimvarnargarða á Vopnafirði. Vopnafjarðarhreppur spurðist fyrir um það með bréfi dags. 24.júní sl. til Skipulagsstofnunar hvort framkvæmdirnar væru

matsskyldar skv. lögum nr. 106/2000. Kæra má ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. sept 2001.

8. mál. Tillaga að hraðahindrun . Lögð fram tillaga að hraðahindrun á Kolbeinsgötu, sem unnin hefur verið af Verkfræðistofu Austurlands í samvinnu við Vegagerðina og Vopnafjarðarhrepp. Hreppsnefnd samþykkir að leita samvinnu um framkvæmdina við Vegagerð ríkisins hvað varðar greiðslu á framkvæmdakostnaði og samþykki fyrir útfærslu á hugmyndinni. Málinu að öðru leyti vísað til Skipulags- og bygginganefndar.

9. mál. Aðalfundur SSA dagana 23. og 24. ágúst nk. á Vopnafirði, kosning þriggja aðalfulltrú og þriggja til vara. Gerð grein fyrir dagskrá aðalfundarins og hvernig staðið hefur verið að því að undirbúa aðalfundinn. Lögð fram tillaga um um aðal -og varamennmenn : “ Aðalmenn: Aðalbjörn Björnsson, Emil Sigurjónsson og Steindór Sveinsson. Til Vara: Björn H. Sigurbjörnsson, Sigurveig Róbertsdóttir og Árni Róbertsson.” Tillagan samþykkt.

10. mál Ársreikningar Vopnafjarðarhrepps, Hafnarsjóðs og Félagslegra íbúða fyrir árið 2000. Sveitarstjóri skýrði reikningana og svaraði síðan framkomnum fyrirspurnum. Sveitarstjóri lagði síðan til að reikningarnir yrðu samþykktir. Reikningarnir samþykktir. Tveir sátu hjá.

11. mál Safnvegaáætlun Múlasýslna 2001-2002. Lögð fram sundurliðun á safnvegaáætlun 2001 og 2002.

12. mál Framkvæmdaráð SSA. Lögð fram fundargerð framkvæmdaráðs SSA frá 1. ágúst sl.

Fleira ekki gert og fundi slitið.